

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 – 1995

30. janúar 1995

169

Nr. 71

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum út af Snæfellsnesi.

1. gr.

Frá og með 1. febrúar 1995 til og með 31. mars 1995 eru allar línuveiðar bannaðar út af Snæfellsnesi á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. Öndverðarnesviti, 64°53,10 N - 24°02,70 V
2. 64°51,00 N - 24°09,00 V
3. 64°48,00 N - 24°09,00 V
4. 64°43,70 N - 24°00,00 V
5. Malarrifsviti, 64°43,70 N - 23°48,20 V

Að austan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. janúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.